

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi iðnaðarsvæðisins á Grundartanga, Skilmannahreppi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hafa hreppsnefndir Hvalfjarðarstrandarhrepps og Skilmannahrepps þann 4. mars 2004 samþykkt breytingu á deiliskipulagi iðnaðarsvæðisins á Grundartanga, dagsett 3. desember 2002. Breytingin felst í nýrri veglínu að iðnaðarsvæðinu á Grundartanga og að Grundartangahöfn, á milli lóða Íslenska járnblendifélagsins og Norður-áls. Ný tenging kemur og hliðum fjölgar um eitt. Aðkoma að Norðuráli og bílastæði taka breytingum sem og tenging Norðuráls við Strandveg. Skilmálar svæðisins taka ekki breytingum.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Hvalfjarðarstrandarhreppi, 19. mars 2004.

Skilmannahreppi, 19. mars 2004.

Hallfreður Vilhjálmsson oddviti.

Sigurður Sverrir Jónsson oddviti.